



4. tbl. 3. árg. 29. ág. 2005

### Það er svigrúm til verðlækkana

Þegar gengi íslensku krónunnar veikist, hækkar vöruverð á Íslandi. Oft ótrúlega fljótt. Þetta segir reynslan okkur. Á sama hátt væri ekki óeðlilegt að ætla að vöruverð lækkaði þegar krónan er sterk og menn fá meira fyrir hverja krónu í innkaupum.

Krónan hefur verið mjög sterk í langan tíma, en það hefur ekki haft sömu áhrif á vöruverð og hefði mátt ætla. Það er helst að verðið hafi fylgt styrk krónunnar þegar um er að ræða vörur sem neytendur eiga auðveldast með að nálgast sjálfir frá útlöndum, svo sem fatnað og tölur.

Verð innfluttra vara hefur einungis lækkað um 1,5% frá áramótum. Á sama tíma hefur verð innlendrar vöru lækkað um 4%. Það kemur til af því að hráefni í innlenda vöru er að hluta innflutt og síðan hefur verið mikil samkeppni á svokölluðum dagvörumarkaði.

Það svigrúm sem hefur myndast vegna sterkrar stöðu íslensku krónunnar í langan tíma, hefur því ekki skilað sér til neytenda nema að litlu leyti.

Ritstjóri:  
Guðmundur Rúnar Árnason  
Ábyrgðarmaður:  
Grétar Þorsteinsson



## Sterk króna hefur ekki skilað sér til neytenda


Sterk staða krónunnar undanfarin misseri hefur skilað sér illa til neytenda í formi lægra vöruverðs á mörgum innfluttum vörum. Gengishækkunin hefur skilað sér best inn í verðlag á þeim mörkuðum þar sem bein samkeppni er við útlönd og auðvelt fyrir neytendur að flytja vöruna milli landa. Þetta á t.d. við um fót og tölur og í verðlagi á innfluttri matvöru en á þeim markaði hefur einnig verið hörð verðsamkeppni hér innanlands. Á mörkuðum fyrir varanlegri neysluvörur þar sem erfiðara er fyrir neytendur að flytja með einföldum hætti milli landa ss. bíla og húsbúnað, hefur gengishækkunin hins vegar ekki skilað sér til neytenda.

### Þróun krónunnar á árinu


Þrátt fyrir sterka stöðu krónunnar hefur verð á innlendum vörum lækkað mun meira en verðlag innfluttra vara það sem af er árinu skv. vísitölu neysluverðs. Verðlag innlendra vara hefur frá áramótum lækkað um tæp 4% á sama tíma og verðlag innfluttra vara hefur aðeins lækkað um rúmt 1,5%. Hluta af skýringunni á

þessu má rekja til mikillar lækkunar á dagvöru, auk þess sem stór hluti aðfanga sem notaður er til innlendrar framleiðslu er innfluttur. Þannig hefur hátt gengi óbeint áhrif á verðlag innfluttra vara.

Þegar skoðaðir eru nánar mismunandi flokkar innfluttra vara má sjá að mikill munur er á verðlagsþróun eftir einstökum vöruflokkum. Verðlag á fötum og skóm hefur til að mynda haldist nánast óbreytt undanfarin misseri að undanskildum venjubundnum árstíðabundnum sveiflum í kringum útsölur. Sjónvörp, myndbönd og tölur, sem raunar hafa lækkað stöðugt í verði undanfarin ár, halda áfram að lækka og hafa það sem af er árinu lækkað í verði um rúm 9%. Svipaða sögu má segja um verð á innfluttum mat- og drykkjarvörum sem einnig hafa lækkað í takt við styrkingu krónunnar sl. ár og hafa það sem af er árinu lækkað um rúmlega 12,5%. Hluta þessarar lækkunar má þó rekja til mikillar samkeppni á matvörumarkaði undanfarna mánuði.




Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands

Í öðrum vöruflokkum hefur styrking krónunnar skilað sé mun verr inn í vöruverð til neytenda.



Mest lækkun í þessum flokkum hefur orðið á verðlagi nýrra bíla og varahluta sem hafa lækkað um 2,7% það sem af er árinu. Raunar hafði verðlag í þessum flokki hækkað stöðugt frá því í upphafi árs 2003 og fram til upphafs árs 2005. Lítil sem engin breyting hefur orðið frá áramótum á verðlagi húsgagna og heimilisbúnaðar og á lyfjaverði til neytenda sem eru hvorutvegga vöruflokkar sem að langstærstum hluta eru innfluttir.

### Lítið breyst frá því í ársbyrjun

Í upphafi árs tók verðlagseftirlit ASÍ saman greinargerð um þróun á verðlagi innfluttra vara og gengisþróun á árunum 2000-2004. Í þeirri samantekt kom í ljós að það svigrúm sem myndast hafði til verðlækkana á innfluttum vörum vegna sterkar stöðu íslensku krónunnar undanfarin misseri, hafði þá ekki skilað sér í lægra vöruverði til neytenda í mörgum flokkum innfluttra vara. Margir töldu þá að styrking krónunnar ætti eftir að skila sér betur inn í verðlag en litlar breytingar hafa orðið síðan í ársbyrjun.

Gengi krónunnar tók að styrkjast á fyrri hluta ársins 2002 og hefur gengisvísitalan lækkað nánast stöðugt síðan. Þegar krónan styrkist, lækkar gengisvísitala krónunnar vegna þess að erlendum

gjaldreyrir verður ódýrari í íslenskum krónum talið. Há gengisvísitala þýðir þannig veik króna og öfugt. Þegar krónan styrkist og gjaldreyrir verður ódýrari hefur það að öðru óbreyttu í för með sér að innkaupsverð á innfluttum vörum lækkar hjá innflytjendum. Nokkurn tíma getur tekið frá því að gengið styrkist áður en sú styrking skilar sér inn í verðlag til neytenda. Á þessu geta verið eðlilegar skýringar t.d. þegar fyrirtæki liggja með miklar birgðir sem keyptar eru inn áður en gengið tók að styrkjast, sum fyrirtæki tryggja sig fyrir áföllum með sk. gengisvörnum og eins getur það samkeppnisumhverfi sem viðkomandi fyrirtæki býr við haft mikið að segja um það hvort hvati sé til þess að velta gengisbreytingum beint út í verðlagið.

Niðurstaðan í upphafi árs var svipuð niðurstöðunni nú. Á mörkuðum þar sem samkeppni hefur verið mikil í smásölu hér á landi og þar sem auðvelt er fyrir neytendur að flytja vöru milli landa s.s. föt og tæki, hafði frekar verið haldið aftur af verðhækkunum í kjölfar gengislækkunarinnar á árunum 2000-2001. Verð hafði síðan staðið í stað eða lækkað í takt við gengisþróun þegar krónan tók að styrkjast. Á mörkuðum fyrir varanlegri neysluvörur s.s. bíla og húsbúnað, þar sem mun erfiðara og dýrara er fyrir neytendur að flytja vörur milli landa, hækkaði verð hins vegar mikið í kjölfar gengislækkunarinnar en styrking krónunnar hafði að sama skapi ekki skilað sér í lægra vöruverði þessara vara, sem raunar höfðu þvert á móti hækkað þrátt fyrir sterkt gengi.

### Hvað er framundan?

Gengisvísitala krónunnar hefur á sumarmánuðum heldur verið að síga upp á við þ.e. gengi krónunnar að veikjast þó talsverðar sveiflur hafi verið á því. Of snemmt er að fullyrða um að þetta sé upphafið að þeirri lækkun krónunnar sem greiningaraðilar hafa spáð að sé væntanleg vegna viðvarandi mikils viðskiptahalla við útlönd. Seðlabankinn hefur undanfarin misseri hækkað stýrivextina til að verja verðbólguarmið sitt og með hliðsjón af verðbólguþróun undanfarna mánuði má búast við frekari vaxtahækkun á haustdögum hjá Seðlabankanum. Slík hækkun mun að líkindum enn um sinn tryggja sterka stöðu krónunnar. ■





## Mörg mál til meðferðar

Frá því verkefninu *Einn réttur – ekkert svindl!* var hleypt af stokkunum 2. maí síðastliðinn, hafa allmörg mál komið til kasta starfsmanna átaksins og miklum upplýsingum verið safnað um ástandið á vinnumarkaði. Fram til þessa hafa verið skráð á sjötta tug mála og mikið hefur verið hringt inn með ábendingar. Farið hefur verið á 42 vinnustaði í kjölfar innhringinga eða ábendinga, eða að frumkvæði starfsmanna eða verkalyðsfélaga á viðkomandi stað. Heimsóknirnar hafa einkum verið á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi, en á næstu mánuðum verður farið víðar um landið. Það er því ljóst – eins og raunar var vitað – að það er víða pottur brotinn og brýn þörf á að fara af stað með átakið.

### Markmiðin

Efnt var til átaksins með það að markmiði að vinna gegn félagslegum undirboðum og ólöglegri atvinnustarfsemi. Markmið þess er að verja kjör og réttindi á íslenskum vinnumarkaði fyrir allt launafólk. Það beinist gegn þeim atvinnurekendum sem misnota erlent verkafólk og skapa sér þannig forskot í samkeppni, en ekki gegn erlendu verkafólki sem hefur komið til Íslands í góðri trú til að vinna.

Átakið miðar að því að ljósra upp um og uppræta félagsleg undirboð og ólöglega atvinnustarfsemi með erlendu verkafólki á íslenskum vinnumarkaði. Það er ekki hægt að sætta sig við að útlendingar séu hlunnfarnir um laun, starfskjör og aðbúnað. Það grefur auk þess undan kjörum og réttindum á vinnumarkaði og samkeppnistöðu þeirra fyrirtækja sem fara að leikreglum og eru

kjölfestan í íslensku atvinnulífi. Síðan grafa félagsleg undirboð undan velferðarkerfinu og því samfélagi sem við höfum í sameiningu byggt upp. Það tapa því allir á félagslegum undirboðum.

### Þrenns konar „ráðningartilhögun“

Það er einkum um að ræða þrenns konar tilhögun varðandi ráðningu erlends starfsfólks: Ráðningarsamninga byggða á atvinnuleyfum; þjónustusamninga og starfsmannaleigur. Samkvæmt reynslunni virðist einkum sótt um atvinnuleyfi fyrir almennt eða sérhæft verkafólk, en í fáum tilvikum vegna iðnaðarmanna. Í flestum tilvikum er fólk ráðið á lágmarkskauptaxta, en ekki greidd þau laun sem tíðkast í viðkomandi starfsgrein.

Að því er varðar þjónustusamninga og starfsmannaleigur, virðist það færast í vöxt að fyrirtæki leigi starfsfólk, eða geri svokallaða þjónustusamninga við fyrirtæki sem eru staðsett í útlöndum. Afar erfitt er að halda uppi virku eftirliti með starfsemi af þessu tagi, vegna þess að mikið vantar upp á að lög og reglur nái yfir þessa starfsemi. Úr því þarf að bæta.

### Umfangsmikil útgáfa

Í tengslum við átakið hefur verið gefið út upplýsingarit um réttindi erlends launafólks á 9 tungumálum og er því dreift ókeypis. Jafnframt hefur verið gefinn út upplýsingabæklingur fyrir atvinnurekendur sem hyggjast ráða erlent verkafólk um skyldur gagnvart því og hvernig þeir skulu bera sig að til að hafa hlutina í lagi. ■

